

Nd. 126. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48 19. mars 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð,
Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að sá aðdragandi að skipun Vísindaráðs sem gert er ráð fyrir í nýsettum lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð mundi að óbreyttu valda verulegri röskun á vinnu að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði á þessu ári. Til þess að úthlutunaraðilar geti lokið störfum sínum í tæka tíð með óskertu umboði beri því brýna nauðsyn til að seinka gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí nk.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48 19. mars 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Sverrir Hermannsson.